

RAGNHILDUR JÓNSDÓTTIR

## MENNTAVERKEFNIÐ NÝJAR LEIÐIR Á HORNAFIRÐI



Ragnhildur Jónsdóttir

Í marsmánuði 2008 auglýsti menntamálaráðuneytið eftir styrkumsóknum til menntaverkefna sem væru til þess fallin að mæta afleiðingum samdráttar í fiskveiðum og fiskvinnslu á landsbyggðinni. Framhaldsskólar og símenntunarstöðvar voru skilgreind sem samstarfsaðilar. Enn fremur var sérstök áhersla lögð á þróunarverkefni til lengri tíma í Vestmannaeyjum og á Hornafirði í samstarfi við Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Í þessari grein verður verkefnið á Hornafirði kynnt. Framkvæmdin er í höndum verkefnahóps sem í sitja fulltrúar frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu (FAS), Nýsköpunarmiðstöð á Höfn (NMÍ) og Þekkingarneti Austurlands (PNA). Starfsmaður verkefnisins, sem nú hefur látið af störfum, var frá NMÍ en í stýrihóp sitja, auk verkefnahóps: fulltrúar frá Afli – starfsgreinafélagi, Skinney Þinganes, Smábátafélaginu Hrollaugi og Sveitarfélaginu Hornafirði. Verkefnið hlaut nafnið Nýjar leiðir.

### MARKMIÐ

Stýrihópurinn ákvað í upphafi að leggja áherslu á tvennt:

1. Að gera skipulega athugun á skoðunum og þörfum markhópsins fyrir nám og leiðir til að styrkja sig á vinnu-markaði.
2. Að nýta, styrkja og þróa þau stöðkerfi sem til staðar eru í sveitarfélaginu til að mæta þörfum markhópsins.

Markhópur Nýrra leiða var starfsfólk í fiskvinnslu, fiskveiðum eða þjónustu við sjávarútveg, eldra en 18 ára, sem skipta þurfti/vildi um starfsvettvang eða vildi auka möguleika sína í núverandi starfsgrein. Íbúum sveitarfélagsins í öðrum starfsgreinum var einnig boðið að taka þátt í verkefninu eftir því sem við átti. Markmiðin voru:

- Að auka atvinnumöguleika fólks sem, vegna aflasamdráttar, hefur eða gæti misst atvinnu.
- Að hvetja einstaklinga til að skapa sér sinn eigin starfsvettvang og nýta til þess þau tækifæri sem hugsanlega eru á svæðinu.
- Að auka frumkvöðlahugsun íbúa.
- Að hvetja starfandi fyrirtæki og stofnanir til atvinnusköpunar.


### KYNNING OG ÞARFAGREINING

Hjá Hagstofu Íslands var fengin greining á lýðfræði sveitarfélagsins til að átta sig á hlutfalli þeirra sem starfa við sjávarútveg og iðnað tengdum honum. Farið var í heimsóknir í fyrirtæki í þessum greinum til að kynna verkefnið og ná fram hugmyndum manna um hverjar væru helstu þarfir einstaklinga og fyrirtækjanna fyrir menntun. Í framhaldinu fór náms- og starfsráðgjafi PNA á vinnustaði, bauð starfsfólki upp á náms- og starfsráðgjafaviðtöl og kynnti námstilboð og raunfærnimat í löggiltum iðngreinum við það tækifæri. Niðurstöður úr náms- og starfsráðgjafaviðtölum voru á þann veg að einstaklingar lýstu vilja til að styrkja stöðu sína með frekari námi. Helstu óskir, sem fram komu um nám, voru tölvunám, enska, sjálfstyrking og íslenska fyrir útlendinga svo og starfstengd námskeið sem ykju færni í viðkomandi störfum. Tilgreindar hindranir í að sækja formlegt og óformlegt nám voru m.a. skortur á sjálfstrausti, tíma, peningum og orku. Annað sem tilgreint var sem hindrun voru námsörðugleikar, m.a. af völdum lesblindu og ADHD (athyglisbrestur með ofvirkni).

### FRAMKVÆMD

- a) Þekkingarnetið skipulagði fræðsludag um lesblindu fullorðinna í október 2008. Á deginum höfðu 10 manns framsögu; sérfræðingar fjölluðu um orsakir og birtingarmyndir lesblindu og stofnanir kynntu þjónustu við lesblinda. Þeir sem framsögu höfðu voru m.a. frá

Mynd 1. Skipulag menntaverkefnisins Nýjar leiðir



Menntavísindasviði HÍ, Félagi lesblindra og Blindrabókasafninu. Eftir erindin komu framsögumennirnir sér fyrir hver í sinni stofu og gat fólk gengið milli stofa til að kynna sér betur þjónustu og margvíslegan hugbúnað. Alls tóku 40 manns þátt í þessum degi auk framsögumannanna. Í framhaldi af lesblindudeginum sátu 9 manns námskeiðið Aftur í nám sem er sérsniðið að þörfum lesblindra. Lesblindudagurinn leiddi einnig af sér samstarfssamning á milli Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og Blindrabókasafnsins um þjónustu við lesblinda.

- b) Þekkingarnetið skipulagði einnig tölvunámskeið í samvinnu við Afl – starfsgreinafélag og voru þau sótt af um 40 manns. Auk þess voru haldin námskeið í photoshop, vefsíðugerð, sjálfsefningu, gerð færnimöppu og ferilskrár, íslensku fyrir útlendinga, ensku o.fl.
- c) Í tengslum við annað mótvægisáðgerðaverkefni á Austurlandi hafði Þekkingarnetið ákveðið að hrinda af stað átaksverkefni um raunfærnimat fyrir fólk starfandi í löggiltum iðngreinum svo sem vélsmiðjum og rafmagnsverkstæðum. Ákveðið var að Nýjar leiðir tækju

einnig þátt í því og luku 9 manns raunfærnimati í vélvirkjun. Að matinu loknu kom í ljós að fimm þeirra vantaði grunnnám í íslensku, stærðfræði og tungumálum til að eiga möguleika á að taka sveinspróf í iðninni.

- d) Framhaldsskólinn skipulagði grunnnám fyrir fullorðna í íslensku, stærðfræði og tungumálum fyrir skólaárin 2009–2011. Fjöldi þátttakenda er mismunandi eftir greinum en hvergi færri en 16 á aldrinum 24–71 árs. Námið fer fram fjóra daga vikunnar frá kl. 16:00–19:00 þannig að hver áfangi er kenndur sex klst. á viku í stað hefðbundinna fjögurra. Hugsunin með því er að verkefnavinnan sé unnin innan þessara tímamarka og því eru ekki gerðar kröfur til nemenda um að vinna heima-verkefni. Námsmat byggist á símati og eru áfangarnir próflausir enda kom fram í viðtölum við náms- og starfsráðgjafa að ótti við formlegar prófaðstæður var algeng ástæða fyrir því að fólk hafði lokað á möguleika að fara í formlegt nám.
- e) Nýjar leiðir skipulögðu fjölvirkjanám í fiskvinnslu en Framhaldsskólinn, Þekkingarnetið og Skinney Þinganes hf. unnu það verkefni saman með það að markmiði að



Frá námskeiðinu Fjölverkjar í fiskvinnslu.

mæta þörfum og færnikröfum lykilstarfsmanna fiskiðjuvers Skinneyjar Þinganes. Námskeiðið tók tvær annir þar sem þátttakendur lærðu m.a. um öryggi og vinnuvernd, meðferð og gæði hráefnis, stjórnun og markaðsmál. Fjölverkjanáminu luku 13 starfsmenn og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu metur fjölverkjanámið til sjö eininga í matvæla- og veitingagreinum samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

- f) Nýsköpunarmiðstöð stóð fyrir ráðgjafar- og stuðningsverkefninu Sóknarfæri á Suðausturlandi haustið 2008 en 15 fyrirtæki tóku þátt í því. Verkefnið var tvíþætt. Starfsemi fyrirtækisins var greind eftir ákveðnum aðferðum og borin saman við starfsaðferðir fyrirtækja sem náð hafa mjög góðum árangri. Niðurstöður greiningarinnar voru svo notaðar til að ákveða hvers konar ráðgjöf eða umbótarverkefni kæmu fyrirtækinu að bestum notum og tóku ellefu fyrirtæki þátt í því.

- h) Á vorönn 2009 bauð Nýsköpunarmiðstöðin upp á námskeiðið Sóknarbraut um stofnun fyrirtækja með áherslu á stjórnun, rekstur, markaðssetningu og þróun hugmynda. Alls luku 22 þátttakendur náminu með 16 verkefni. Framhaldsskólinn mat námskeiðið til þriggja eininga en 8 nemendur úr skólanum tóku þátt í því.

## ÁVINNINGUR

Sé tekið mið af markmiðunum, sem sett voru fram í upphafi, telur verkefnahópurinn að vel hafi tekist til. Verkefnið náði beint til alls rúmlega 400 íbúa á Hornafirði eins og sjá má á töflu 1 og teljum við að Nýjar leiðir hafi hvatt fólk til frekara náms. Sú ályktun er dregin m.a. af því að nú stunda 27 manns á aldrinum 24–71 árs nám við Framhaldsskólann í annaðhvort eða bæði ensku og dönsku. Í þeim hópi eru sjö af þeim níu mönnum sem fóru í gegnum raunfærnimat í vélverkjun.

Sé rýnt í ávinning af framlagi Nýsköpunarmiðstöðvar kemur í ljós að 11 verkefni, sem unnið var að á námskeiðinu Sóknarbraut eða fékk stuðning í Sóknarfæri, eru í gangi eða í áframhaldandi þróun. Má þar m.a. nefna Blásturshljóðfæraviðgerðir, Jöklamús jurtakrem, Fjallamenskuskóla og Steinahesta. Til marks um að verkefnið náði að koma til móts við þarfir markhópsins má benda á að vinnandi fólk, bæði karlar og konur, hættu að vinna um klukkan hálf fjögur fjóra daga vikunnar til að setjast á skólabeck og afla sér formlegrar grunnmenntunar, margir með það að markmiði að halda áfram í námi og afla sér starfsréttinda. Eins eiga forystumenn hornfirskra fyrirtækja hrós skilið fyrir þann skilning sem þeir hafa sýnt starfsmönnum sínum með því að veita þeim sveigjanleika til að taka þátt í grunnnáminu og öðrum námstækifærum sem Nýjar leiðir bauð upp á.

## LOKAORÐ

Verkefnið Nýjar leiðir er umfangsmikið og erfitt að mæla nákvæmlega áhrif þess á samfélagið. Eftir að verkefnið byrjaði kom í ljós að kvótaniðurskurðurinn hafði ekki mikil áhrif á þá sem störfuðu við sjávarútveg og fiskvinnslu. Ekki er vitað til þess að þátttakendur hafi skipt um starfsvettvang, menn hafa frekar nýtt sér námsleiðirnar til þess að efla sig í starfi. Rétt er að benda á að verkefnið er þróunarverkefni sem nær yfir lengri tíma og er áætlað að ljúka því á vorönn 2011. Síðasta verkefnið verður stefnumótunarverkefni sem unnið verður nú á haustönninni. Markmiðið með því er að greina hvar einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir á Hornafirði meti að tækifæri liggi til atvinnusköpunar og á hvern hátt þau geti bætt samkeppnisstöðu sína. Jafnframt er ætlunin að meta hvernig opinber stöðkerfi geti komið sem best til móts við þarfir þessara aðila. Fyrirhugað er að gera heildarúttekt á verkefninu þegar því lýkur eða á vorönn 2011. En eins og ráða má af þessum skrifum er það staðföst sannfæring þeirra sem leiða verkefnið að það sé afar vel heppnað og það hafi náð að styrkja fjölmargra íbúa sveitarfélagsins til þess að taka fyrsta skrefið til frekari menntunar og eflingar á vinnumarkaði.

Tafla 1. Stig þátttöku í náms- og starfsráðgjöf

Nýjar leiðir	Fjöldi þátttakanda
Kynningar í fyrirtækjum	86
Einstaklingsviðtöl	78
Ráðstefna um lesblindu	40
Námskeið hjá ÞNA	130
Raunfærnimat	9
Aftur í nám FAS – v/raunfærnimats	21
Sóknarbraut – stofnun og rekstur fyrirtækja	22
Aftur í nám – lesblindunámskeið	9
Starfsnám – fjölvirkjar í fiskvinnslu	13
	<b>Samtals 408</b>
Sóknarfæri – Greining á stöðu fyrirtækja	15 fyrirtæki
Sóknarfæri – Stuðningsverkefni við fyrirtæki	11 fyrirtæki

## UM HÖFUNDINN

Ragnhildur Jónsdóttir starfar sem verkefnisstjóri og náms- og starfsráðgjafi hjá Þekkingarneti Austurlands á Hornafirði. Hún hefur B.Ed.-próf í sérkennslufræðum, MA-próf í uppeldis- og menntunarfræðum og diplómapróf í náms- og starfsráðgjöf. Hún hefur allan sinn starfsferil starfað við kennslu, verkefnastjórn og ráðgjöf vegna kennslu og náms.